



Háskólinn  
á Akureyri

# Ráðgjöf um innra mat

---

skýrsla ráðgjafa MSHA

Sólveig Zophoníasdóttir

15. júní 2012

Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri

**Efnisyfirlit**

Inngangur .....	2
Markmið verkefnisins .....	2
Fræðilegur bakgrunnur.....	3
Framvinda.....	4
Samantekt/ábendingar.....	7
Lokaorð.....	8
Heimildaskrá.....	9
Fylgiskjöl .....	10
Starfsáætlun sjálfsmatsnefndar 2011-2014 .....	10
Nokkrar vefslóðir sem gott er að hafa til taks .....	11
Orðabanki .....	11
Áfangakannanir haustið 2011 .....	12
Innra mat hugarkort .....	19
Nám og kennsla .....	19
Stjórnun .....	20
Innra mat .....	21
Matsáætlun (aðgerðaráætlun/stefnukort) til 3-5 ára .....	22

## Inngangur

Skólaárið 2010–2011 áttu Menntaskólinn á Akureyri (MA) og miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri (MSHA) samstarf sem fólst í ráðgjöf og stuðningi MSHA við matsfulltrúa MA vegna mats á Íslandsáfanganum sem þá var nýr samþættur áfangi settur saman með tilliti til nýrrar aðalnámskrár. Samstarfið var beggja hagur þar sem MSHA fékk tækifæri til að koma að þróunarstarfi í framhaldsskóla og formleg aðkoma, ráðgjöf og stuðningur MSHA var styrkur fyrir þróunarstarf MA.

Á haustdögum 2011 var ljóst að gagnkvæmur áhugi var á áframhaldandi samstarfi MSHA og MA. MA fékk styrk úr Verkefnasjóði skólasamninga til að vinna að nýjum viðfangsefnum og endurskoðun vegna innra mats veturinn 2011–2012 og kallaði í kjölfarið eftir ráðgjöf og stuðningi af hálfu MSHA vegna innra mats í MA (sjálfsmats).

Í sjálfsmatsnefnd MA skólaárið 2011–2012 eru: Bjarni Guðmundsson, Guðný Guðmundsdóttir, Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir og Stefán Þór Sæmundsson. Ráðgjafi MSHA í verkefninu er Sólveig Zophoníasdóttir. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir framvindu samstarfsins frá sjónarhorni ráðgjafa miðstöðvar skólaþróunar HA.

## Markmið verkefnisins

Verkefnið er þríþætt og felst í (1) að tengja innra mat við grunnþætti náms og markmið skólans (skólasýn og markmið námssviða), (2) setja fram mælanleg markmið eða árangurskvarða til skilvirkni og (3) gera lýðræðislegt innra mat aftur hluta af formlegu innra mati MA.

Áhersla í innra mati var einkum þrenns konar:

- Innra mat og tengsl við grunnþætti náms og skólasýn (aðalnámskrá og skólanámskrá)
- Innra mat, markmið og viðmið (árangurskvarðar)
- Innra mat sem hluti af lýðræðislegri matsmenningu innra mats í MA

Hlutverk sjálfsmatsnefndar er meðal annars að stuðla að virkri og árangursríkri matsmenningu, auka gæði náms, stuðla að umbótum og tryggja að nemendur fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Hlutverk sitt rækir hún með því að stuðla að virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra í innra mati með fjölbreyttum og kerfisbundnum matsaðferðum. Markmiðið er að tryggja með þeim hætti góða yfirsýn á skólastarfið. Sjálfsmatsnefndin hefur umsjón með gerð, endurskoðun og framkvæmd áfangakannana sem lagðar eru fyrir nemendur á hverju ári. Með fyrirlagningu þeirra er leitað eftir viðbrögðum nemenda varðandi námsefni, kennslu, námsmat, ástundun, áhuga o.fl. Sjálfsmatsnefndin samræmir og styður við matsstarfið, knýr það áfram og upplýsir hlutaðeigendur um framvindu, úrvinnslu og niðurstöður mats.

Hlutverk ráðgjafa MSHA er að fylgjast með, endurskoða og meta þróun innra mats á gagnrýnninn og leiðbeinandi hátt, koma með hugmyndir, ábendingar og meta framvindu.

## Fræðilegur bakgrunnur

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla (nr. 92/2008, gr. 40 og 41) er markmið innra mats að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til allra hagsmunaaðila, tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár, auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Hver framhaldsskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Forsendur innra mats koma að mestu utan frá en frumkvæði og vinna við framkvæmd innra mats og innleiðingu þess kemur innan frá. Mat gefur upplýsingar um hverju þarf að breyta eða hvað bæta til að ná markmiðum skólastarfsins. Starfsfólk skólans ber ábyrgð á gæðum starfs og markmið innra mats er að stuðla að umbótum á skólastarfinu, efla skólaþróun og matsmenningu.

Leiðir við innra mat geta verið fjölbreyttar (Sigurlína Davíðsdóttir, 2008). Til að skapa lýðræðislega matsmenningu er mikilvægt að nota aðferðir sem stuðla að þátttöku allra í matsferlinu þ.e. þeim þáttum þess sem snerta hagsmuni þeirra. Lýðræðislegar matsaðferðir eru t.d. þátttakendamiðað mat, jafningjastuðningur og kerfisbundnir matsaðferðir í anda starfendarannsóknna.

Í þátttakendamiðuðu mati er áhersla lögð á mat þátttakendana sjálfra, þá sem nota þjónustuna, stunda nám við skólann fremur en þá sem veita þjónustuna. Þessari tegund mats er ætlað að skila upplifun og sjónarmiðum þeirra sem taka þátt, gildismati þeirra og þörfum. Til verða margvísleg gögn sem spretta úr daglegu starfi bæði meginleg og eigindleg, huglæg og hlutlæg. Aðferðir þátttakendamiðaðs mats hafa þann kost að draga athygli að mannlegum þætti í allri þjónustu, þær eru sveigjanlegar og taka mið af því samhengi sem þjónustan fer fram í. Allir hafa tækifæri til að segja frá sínu sjónarhorni á það sem meta á og leitast er við að nota matsgögn til þess að leysa vandamál á vettvangi (Sigurlína Davíðsdóttir, 2008).

Að skrá fundargerðir er kerfisbundin og regluleg skráning viðburða, þar er haldið til haga dagsetningum, þátttakendum, upplýsingum, umfjöllunum, ákvörðunum o.fl. Fundargerðir og dagbækur geta auðveldað einstaklingum og hópum að ígrunda reynslu sína, gera sér grein fyrir upplifuninni og spá fyrir um framhaldið. Að halda fundargerðir og dagbækur reglulega fangar reynslu og viðburði fljótlega eftir að þeir eiga sér stað og áður en tíminn hefur breytt upplifuninni af þeim (Coghlan og Brannick, 2010). Mikilvægt er að kennarar hugi að því að halda ígrundunardagbók um störf sín og þátttöku í matsferli. Með ígrundunardagbókinni kallast skrásetjarinn á við sjálfan sig, skráir hjá sér, viðfangsefni, líðan, upplifanir, það sem vel er gert og hvað má betur fara. Með dagbókum varðveitast gögn sem eru til staðar ef og þegar á þarf að halda (McNiff og Whitehead, 2009).

Jafnframt er gott að kennarar búi að bandavini (critical friend) sem tilbúinn er að hlusta á kennarann og veita honum gagnrýni og uppbyggilega endurgjöf (McNiff og Whitehead, 2006). Jafningjastuðningur (peer coaching) er gagnvirk samband að minnsta kosti tveggja einstaklinga sem vinna saman að settum markmiðum. Hugtakið felur m.a. í sér að einstaklingar læra saman, takast á við nýbreytni, eiga hlutdeild í fagsamfélagi sem byggir á jafngildi einstaklinga með það að markmiði stuðla að umbótum og velferð. Jafningjastuðningur vinnur gegn einangrun kennara í skólastofunni og stuðlar að ígrundun með samræðu um sýn og viðfangsefni og gefur kennurum tækifæri til að prófa og þróa aðferðir og meta árangur í vökulu sambandi við félagi sína (Robertson, 2008).

Starfendarannsóknir eru lýðræðislegt þátttökuferli. Þær snúast ekki um að rannsaka eitthvað sem er eða hefur gerst heldur eru þær virk aðferð til þess að láta eitthvað gerast, meta afleiðingarnar og skapa nýjar aðstæður eða þekkingu. Áskorun rannsakandans/þátttakandans felst í að eiga hlutdeild í ferlinu og knýja það áfram en um leið að horfa á ferlið utanfrá með gagnrýnum og umbótasinnuðum hætti (Coghlan og Brannick, 2010). Starfendarannsóknir eru viðurkennd og árangursrík leið til að efla fagvitund, fagmennsku og starfskenningu (McNiff og Whitehead, 2006). Eitt aðalsmerki góðra kennara er ígrundun í starfi. Ígrundun er stöðug sjálfsskoðun með það fyrir augum að bæta kennsluhætti sína og nám nemenda. Ígrundun er óaðskiljanlegur hluti af því að sinna starfi sínu vel og þróa þá sýn sem starfið byggist á. Hún þarf ekki að vera hluti af formlegu rannsóknarferli en er hins vegar órjúfanlega tengd formlegum starfendarannsóknum þar sem gagna er aflað og unnið skipulega úr þeim til að ígrundunin verði formlegri og markvissari (Jón Baldvin Hannesson, Rósa Eggertsdóttir og Rúnar Sigbórsson, 2002). Þær stofnanir sem líklegt er að skari framúr í framtíðinni eru stofnanir sem ná að laða fram hlutdeild og hæfileika allra sem á vettvangi starfa til að læra á öllum sviðum stofnunarinnar. Það þýðir að allir sem hlut eiga að máli þurfa að vera undir það búnir að meta eigið starf í samstarfi við aðra á vettvangi og birta niðurstöður sínar fyrir gagnrýnum augum samstarfsfólks og almennings (McNiff og Whitehead, 2006).

Leiðarljós við uppsetningu matsáætlunar eru m.a. sótt til hugmynda um skorkort (balanced scorecards). Þar koma fram matsvið, matsþættir, lýsing á matsferlum. Hafa þer í huga að stöðluð uppsetning af þessum toga hefur fyrst og fremst þann tilgang að varpa ljósi á uppbyggingu og skipulag innra mats (Coghlan og Brannick, 2010).

## Framvinda

Samskipti ráðgjafa miðstöðvar skólaþróunar HA og sjálfsmatsnefndar MA vegna endurskoðunar innra mats hófust í lok september. Markmið verkefnisins voru ljós og í kjölfarið hófst undirbúningsvinna, gagna- og heimildaöflun, m.a. var rýnt í gögn um innra mat í MA, aðalnámskrá framhaldsskóla og litið eftir mögulegum tengslum innra mats við grunnþætti náms, markmiðum, hæfniprepum og skólasýn MA, mögulegum viðmiðum til að mæla árangur og heimildum um formlegt lýðræðislegt innra mat.

Lögð voru drög að samstarfinu á grundvelli starfsáætlunar sjálfsmatsnefndar fyrir skólaárið 2011–2012 og ákveðið var að funda og að vera í bréfasambandi eftir því sem efni stæðu til. Fundir sjálfsmatsnefndarinnar voru haldnir vikulega og sá formaður hennar um að senda ráðgjafa afrit af öllum fundargerðum nefndarinnar til upplýsingar. Alls urðu fundir sjálfsmatsnefndar og ráðgjafa sex auk samskipta vegna hugmyndavinnu og úrvinnslu. Í tengslum við þórrastefnu hélt Birna Svanbjörnsdóttir forstöðumaður MSHA erindi um jafningjastuðning.

Formleg vinna við ráðgjöfina hófst með fundi 4. október 2011. Á fundinum var farið yfir markmið innra mats og þá þrjú þætti sem lagðir voru til grundvallar endurskoðun á innra mati. Ráðgjafi lagði til að haldnar væru fundargerðir vegna fagfunda sem væru aðgengilegar skólasamfélaginu til að læra af, til umbóta. Kennarar og stjórnendur gætu þannig verið meðvitaðri um stíganda í þróun náms- og kennsluhátta og markviss skráning yrði markviss þáttur í að skapa virkt lærdómssamfélag og efla matsmenningu. Lýðræðisleg matsmenning felur í sér mat og ígrundun kennara, annars starfsfólks og nemenda á eigin starfsháttum í dagsins önn. Vel var tekið í tillöguna af hálfu sjálfsmatsnefndar en erfiðara reyndist að koma henni í verk.

Í nóvember fór ráðgjafi yfir námskrá, lög og reglugerðir, skólasýn MA og dró fram það sem laut að markmiðum og innra mati. Samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla (2011, bls. 7) nefnast lokamarkmið námsbrauta hæfniviðmið og segja þau til um þá hæfni sem stefnt er að nemendur búi yfir við námslok. Lagði ráðgjafi m.a. til að hæfniviðmið kjarnagreina yrðu tengd við aðrar greinar og annað það sem metið væri í skólastarfinu og snerti nám og kennslu. Í framhaldinu kom fram hugmynd hjá sjálfsmatsnefnd um að tengja matsspurningar innra mats (t.d. matsspurningar í áfangakönnunum) við siðareglur kennara og var það gert. Tilgangurinn með tengingunni var m.a. að auðvelda öllum hlutaðeigendum að átta sig á viðmiðum mats og búa til fyrirmynd sem mætti yfirfæra á aðra matsferla.

Ráðgjafi lagði einnig til að matsþáttum yrði forgangsraðað til lengri tíma þannig að álag vegna innra mats yrði ekki starfsfólki ofviða en þess gætt sérstaklega að hafa kjarna skólastarfs þ.e. nám og kennslu alltaf í forgangi við mat. Ráðgjafi brýndi einnig fyrir sjálfsmatsnefndinni að með lýðræðislegu mati væri átt við þátttöku allra í matsferlinu. Markvisst innra mat veltur á að starfsfólk þekki leiðir eða því sé leiðbeint um leiðir til að meta starfið sitt og sjá ávinning af þeirri vinnu, það að uppskera meiri gæði, betra og árangursríkara skólastarf. Þátttökumiðað mat, starfendarannsóknir og jafningjastuðningur eru allt leiðir til að efla lýðræðislegt mat.

Seinni hluta nóvembermánaðar sendi ráðgjafi drög að hugmyndum um hvernig tengja mætti áfangakannanirnar við aðalnámskrá (grunnþætti og lykilhæfni), lög og reglugerðir, skólasýn MA og siðareglur kennara og sendi til sjálfsmatsnefndar orðabanka sem hugsaður var sem stuðningur við að skrá hæfniviðmið í öðrum greinum en kjarnagreinum. Orðabankinn er hugsaður til stuðnings við gerð áfangalýsinga en hægt er að horfa til hans þegar sett eru markmið varðandi þekkingu, leikni og markmið.

Fram komu vangaveltur um ábyrgð og þátttöku nemenda í mati og ljóst að spurningarnar sem lagðar eru fyrir nemendur í áfangakönnunum hvetja til ígrundunar og gagnrýni á áfanga og skipulag. Þær (áfangakannanirnar) eru til þess fallnar að efla vitund nemenda um þátt þeirra við að auka gæði menntunar og eru í góðu samræmi við markmið skólastarfs og lýðræðisáherslur (reynt er að laða fram sjónarmið nemenda). Til þess að auka virka þátttöku og greiða fyrir sjónarmiðum nemenda í skólastarfi og innra mati gæti það eftt lýðræðislega matsmenningu að nemendur ættu fulltrúa í sjálfsmatsnefnd þegar fjallað væri um matsþætti sem snertu nemendur sérstaklega t.d. nám og kennslu.

Mikilvægt er að innra mat stuðli að samfelldu og áreiðanlegu ferli og að til verði viðmið sem stuðla að umbótum (DEECD, 2011). Í byrjun desember lagði ráðgjafi fyrir nefndina drög að hefti með hugmyndum að matsspurningum, markmiðum og viðmiðum sem gætu átt við afmarkaða matsþætti skólastarfs s.s. námsframvindu, hlutdeild nemenda og líðan, námsbrautir og áfangar. Hugmynd ráðgjafa var að heftið væri lifandi plagg í stöðugri þróun sem þó grundvallaðist á ákveðnum vörðum sem gætu stutt við framkvæmd og skipulag innra mats. Ráðgjafi gerði tilraun til að sníða heftið að innra mati MA. Í heftinu komu fram markmið innra mats í skólastarfi samkvæmt lögum um framhaldsskóla og aðalnámskrá framhaldsskóla, hlutverk matsfólks, upplýsingar um hverjir skipa sjálfsmatsnefnd MA, lýsing á sögu og framkvæmd innra mats í MA (Menntaskólinn á Akureyri [án árs]), skólasýn MA (Menntaskólinn á Akureyri, [án árs]) og rými fyrir tengsl við grunnþætti menntunar og lykilhæfni, matsþættir/matsvið, viðmið/markmið, niðurstaða og tækifæri til umbóta. Hugsanlega

má vinna frekar með hugmyndina að heftinu t.d. í tengslum við áfangaskýrslur og tengsl áfanga við grunnþætti náms og lykilhæfni.

Ráðgjafi lagði til útfærslu á matsáætlun í formi aðgerðalista/stefnukorts þar sem matsþáttum væri dreift kerfisbundið á 3–5 ár. Þar væru leiðir að markmiðum sýnilegar því að baki matsþátta væri lýsing á matsferli þeirra. Markmið með aðgerðarlistanum/stefnukorts er að varpa ljósi á skólasýn og markmið skólustarfsins, setja þau fram á kerfisbundin og skiljanleganlegan hátt sem hlutaðeigendur geta átt samræðu um. Aðgerðalisti/stefnukort getur stuðlað að aukinni vitund og hlutdeild þeirra sem vinna að því, það felur í sér gagnvirkni, vekur spurningar, hvetur til umræðu, varpar ljósi á fortíðina sem draga má lærdóm af og byggja næstu skref á (Kaplan og Norton, 2001). Hugmyndin er að setja matsáætlunina á vef MA þar sem hægt er að uppfæra hana eftir því sem við á.

Í janúar hélt Birna Svanbjörnsdóttir forstöðumaður MSHA erindi í MA um jafningjastuðning. Fræðsla um jafningjastuðning var liður í að hvetja til lýðræðislegrar matsmenningar og hvetja kennara og annað starfsfólk til að nota jafningjastuðning til markvissrar ígrundunar á eigin starfsháttum og hugarfari, á vettvangi með öðrum, til umbóta skólustarfi. Í erindinu var lögð áhersla á mikilvægi þess fyrir umbótastarf í skólum að starfsfólk þekkti leiðir til að eiga gagnvirka, gagnrýna og umbótamiðaða samræðu við starfsfélaga sem byggir á trausti, felur í sér virka hlustun og leiðbeinandi endurgjöf.

Í febrúar lagði ráðgjafi til að flokka matsþætti matsáætlunar í matsvið. Á bak við hvert matsvið væru skilgreindir matsþættir og nánari lýsing á skipulagi og framkvæmd mats við hvern matsþátt. Þar væri gerð grein fyrir, eins og kostur er, tengslum við aðalnámskrá, lög og reglugerðir, skólasýn MA, tilgangi/makmiðum matsins, aðferðum við framkvæmd matsins og hverjir bera ábyrgð á matsþættinum og eftirfylgni, hverjir taka þátt, tímaáætlun, viðmiðum um þann árangur sem stefnt er að, greinargerð um að hve miklu leyti markmið hafa náðst, styrkleikar og tækifæri til umbóta.

Umræða fór fram í apríl um umbótaferli innra mats með áherslu á lýðræðislega matsmenningu. Fram komu hugmyndir um að á næsta ári væri jákvætt fyrir virkt innra mat að fagstjórar hefðu ákveðnu hlutverki að gegna við að koma á lýðræðislegu innra mati. Innra mat þarf að vera hluti af daglegu starfi kennara og mikilvægt er að meta nám og kennslu með reglubundum hætti til þess að auka gæði náms og skólustarfs og stuðla að umbótum og tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla (Lög um framhaldsskóla, nr. 92/2008, gr. 40 og 41). Þátttaka og ábyrgð fagstjóra á innra mati gæti stuðlað að virku, kerfisbundnu og lýðræðislegu mati sem byggði á aðalnámskrár, lögum og reglugerðum og skólasýn MA. Hlutverk fagstjóra væri að halda matsferlinu virku á sínu fagsviði, að hvetja til mats á tilteknum matsþáttum í matsáætlun, byggja upp traust og stuðla að jafningjastuðningi, ígrundun og samræðu sem miðar að umbótum t.d. í anda starfendarannsóknna. Hann þarf að sjá til þess að matsferlið sé skráð og upplýsingum og gögnum um framvindu matsins haldið til haga.

Í maí var verklag innra mats MA endurskoðað sem og aðkoma MSHA og ráðgjafa að ferlinu. Farið var yfir skipulag matsáætlunar og næstu skref í vinnu við hana dregin fram. Hlutverk ráðgjafa var að veita faglega ráðgjöf og styðja sjálfsmatsnefndina við vinnu vegna matáætlunar. Matsáætlunin er til þriggja ára í senn og er hún unnin af sjálfsmatsnefnd. Hugmyndin er að matsáætlunin verði virk, í stöðugri þróun og upplýsingum verði bætt inn jafnóðum og þær verða til. Framvindan er góð og næstu skref eru að ljúka ramma um matsáætlunina fyrir haustið 2012 sem fer á vef skólans. Komin er fyrirmynd að tengingu matsþurvinga vegna innra mats, s.s. áfangakannana, við lög og reglugerðir um

framhaldsskóla, markmið aðalnámskrár, grunnþætti náms, lykilhæfni og hæfniviðmið, skólasýn MA og siðareglur kennara. Það er von ráðgjafa að sú vinna geti verið vísir að fyrirmynd fyrir tengingu annarra kannana við sömu þætti. Sjálfsmatsnefnd gegnir mikilvægu hlutverki í að hvetja til matsmenningar sem grundvallast á þátttöku einstaklinga og stuðlar að valdeflingu þeirra í skólasamfélaginu á þann hátt að raddir þeirra og mat leiði til betri árangurs og umbóta á skólastarfinu. Hugmyndin um þátt fagstjóra í lýðræðislegu innra mati er dæmi um viðleitni nefndarinnar til að efla slíkt mat á markvissan og kerfisbundinn hátt.

### Samantekt/ábendingar

Mat gefur upplýsingar um hverju þarf að breyta eða bæta til að ná þeim markmiðum sem sett eru. Sjálfsmatsnefnd fylgdist með framvindu mats samkvæmt starfsáætlun nefndarinnar og samhliða því vann nefndin að kerfisbundinni útfærslu á innra mati og að eflingu matsmenningar innan skólans með því að hvetja kennara til markvissrar ígrundunar.

Markmiðið er að innra mat fléttist inn í daglegt starf skólasamfélagsins með fjölbreyttum hætti og að niðurstöður þess gefi trúverðuga sýn á skólastarfið þannig að styrkleikar þess verið ljósir og borin kennsl á tækifæri til úrbóta. Innra mat MA er í stöðugu umbótaferli og því ekki úr vegi að benda á nokkra þætti sem huga þarf að og efla.

Góð framvinda er í gerð og uppsetningu matsáætlunar en þar birtast matsviðin og helstu leiðir sem MA fer við að meta skólastarfið. Markmiðið er að ljúka uppsetningunni í haust og hafa hana aðgengilega á vef MA. Mikilvægt er að sjálfsmatsnefnd færi upplýsingar jafnt og þétt inn í áætlunina því þannig verður hún virkt plagg sem gefur haldbærar upplýsingar um framvindu innra mats og hvert skuli stefna til aukin árangurs.

Sjálfsmatsnefnd er skipuð kennurum og aðstoðarskólastjóra. Til þess að auka vægi nemenda og sjónarmiða þeirra í skólastarfi og innra mati gæti það efti lýðræðislega matsmenningu að nemendur ættu fulltrúa í sjálfsmatsnefnd þegar fjallað væri um matsþætti sem snerta nemendur sérstaklega t.d. nám og kennslu. Í þessu samhengi má einnig nefna að greiða aðkomu annarra starfsmanna að innra mati.

Til þess að koma á matsmenningu sem byggir á lýðræðislegu og kerfisbundnu innra mati þarf skólasamfélagið að hafa á valdi sínu fjölbreyttar leiðir og aðferðir. Jafningjastuðningur og kerfisbundnar starfendarannsóknir með skuldbindingu sem flestra í skólasamfélaginu er góð viðurkennd aðferð til að auka gæði skólastarfs. Ferli innra mats nyti, með þeim hætti, þess byrs sem feldist í krafti, þekkingu og skuldbindingu starfsfólksins til þess að meta og knýja matsferlið áfram og um leið að styrkja matsmenninguna.

Ráðning fagstjóra næsta vetur styður við lýðræðislega matsmenningu og er hlutverk þeirra er að halda utan um fundargerðir á faggreinafundum og lýðræðislegt innra mat í deildum. Mikilvægt er að gögn um innra mat deilda sé sýnilegt þannig að auðveldlega megi sjá hvernig innra matið þróast.

Það er löng hefð fyrir því í MA að við lok skólaárs skrifa kennara skýrslu um áfanga sína. Þar gefst kennurum tækifæri til að meta hvort starfið var í samræmi við markmið áfangans, hvort viðmiðum hafi verið náð, að leggja mat á nýbreytni, nám og kennslu, hvað var vel gert og hvar væri að finna tækifæri til úrbóta. Áfangaskýrslurnar eru mikilvægt gögn um framvindu skólastarfsins því þær geta gefið upplýsingar um kjarna skólastarfs nám og kennslu, hvert stefnir, styrkleika og hvar og hvernig



megi ná betri árangri. Það er mikilvægt að hvetja kennara til að skila vel ígrunduðum og upplýsandi áfangaskýrslum og hugsanlega mætti bæta inn í þær fleiri þáttum, t.d. viðmiðum um árangur, tengslum við grunnþætti menntunar, hæfniviðmiðum og viðveru nemenda í áfanganum.

Kennarar sem kenna sama fag búa oft að góðum stuðningi sem fer m.a. fram með óformlegum samræðum þeirra á milli. Þetta samstarf er vísir að formlegum jafningjastuðningi og það væri áhugavert ef kennarateymi í MA tækju upp formlegan jafningjastuðning og gætu svo deilt reynslu sinni til annarra teyma. Mikið magn gagna og upplýsinga um nám og kennslu gæti safnast með þessum hætti og mikilvægt er að kennarar rýni í gögnin og lesi úr þeim og komi niðurstöðunum áfram til fagstjóra og/eða sjálfsmatsnefndar á kerfisbundinn og markvissan hátt. Þannig dreifist ábyrgð úrvinnslunnar á fleiri og skuldbinding þátttakanda verður meiri.

Næsta skólaár er hugmynd ráðgjafa og sjálfsmatsnefndar MA fá kynningu frá MSHA á hvað felst í lýðræðislegu innra mati.

### Lokaorð

Almennt má segja að samstarfið hafi verið farsælt og árangursríkt. Frá mínum bæjardyrum séð var áhugavert og lærdómsríkt að fylgjast með og taka þátt í metnaðarfullu starfi sjálfsmatsnefndar MA við framkvæmd og þróun innra mats.

Með kveðju, Sólveig Zophoníasdóttir.

## Heimildaskrá

Coghlan, D. og Brannick, T. (2010). *Doing action research in your own organization* (3. útg.). London: SAGE.

DEECD (2011). *School self-evaluation guidelines*.

<http://www.education.vic.gov.au/management/schoolimprovement/accountability/evaluation.htm>

Jón Baldvin Hannesson, Rósa Eggertsdóttir og Rúnar Sigþórsson. (2002). *Aukin gæði náms: skóli sem lærir*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Kaplan, R. og Norton, D. (2001). *The strategy-focused organization: how balanced scorecard companies thrive in the new business environment*. Boston: Harvard Business School Press.

*Lög um framhaldsskóla*, nr. 92/2008.

McNiff, J. og Whitehead, J. (2006). *All you need to know about action research*. London: Sage.

McNiff, J. og Whitehead, J. (2009). *Doing and writing action research*. London: SAGE.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá framhaldsskóla: almennur hluti*. Reykjavík: Höfundur.

Menntaskólinn á Akureyri. (án árs). *Um sjálfsmat í MA*. <http://www.ma.is/is/skolinn/sjalfsmat-ma/um-sjalfsmat-i-ma>

Robertsson, J. (2008). *Coaching educational leadership: building leadership capacity through partnership*. London: Sage.

Sigurlína Davíðsdóttir. (2008). *Mat á skólastarfi: handbók um matsfræði*. Reykjavík: Hólar.

## Fylgiskjöl

### Starfsáætlun sjálfsmatsnefndar 2011-2014

Skólaárið 2011-2012:

September: Gengið frá skipulagi sjálfsmats og samskiptum við ráðgjafa við endurskoðun sjálfsmatsins komið á.

Október: Gæðahringir ræða í 1. bekk, tveir hópar úr náttúrufræðihluta og tveir úr samfélagfræðihluta. Útbúnaðar nýjar spurningar fyrir áfangakannanir í 2. bekk, félagsgreinar og endurskoðaðar spurningar úr eldri áfangakönnunum vegna 3. og 4. bekkjar. Vinna tillögur að viðmiðum á mörkum og kvörðum vegna árangurs nemenda úr áföngum.

Nóvember: Unnið úr niðurstöðum gæðahringja. Spurningar í könnun til foreldra ólöggráða unglunga endurskoðaðar og foreldrafélagi gefið tækifæri til að koma með athugasemdir.

Desember: Framkvæmd áfangakannana í 1. bekk Íslandsáfanga og 2. 3. og 4. bekk félagsgreina.

Febrúar: Stöðumat með ráðgjafa, unnið úr áfangakönnunum.

Mars: Gæðahringir ræða í 1. bekk, tveir úr náti og tveir úr sam.

Apríl: Foreldrakönnun, mat á bekkjarfundum og fyrstabeckjarráði.

Mái: Áfangakannanir í 1. bekk, Íslandi og félagsgreinum 2. 3. og 4. bekkjar. Stöðumat með ráðgjafa.

Júní: Unnið að umbótaáætlun, skýrsla skrifuð.

Skólaárið 2012-2013

Haustönn: Áfangamat í tungumálum.

Vorönn: Áfangamat í tungumálum. Hlýtt á nemendur 3. bekkjar. Mat á reynslu starfsfólks á nýrri námskrá.

Júní: Unnið að umbótaáætlun, skýrsla skrifuð.

Skólaárið 2013-2014

Haustönn: Áfangamat í raungreinum, stærðfræði og íþróttum.

Vorönn: Áfangamat í raungreinum, stærðfræði og íþróttum. Hlýtt á nemendur 4. bekkjar.

Júní: Unnið að umbótaáætlun, skýrsla skrifuð.

## Nokkrar vefslóðir sem gott er að hafa til taks

Aðalnámskrá framhaldsskóla

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/nr/3954>

Kennarasamband Íslands. (2011). Nýjar siðareglur. Retrieved 30. nóvember, 2011, from

<http://www.ki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=13873>

Lög um framhaldsskóla

<http://www.althingi.is/altext/stjt/2008.092.html>

Námskrá MA

<http://www.ma.is/is/namid/namskra-fyrir-2010/um-namskrana>

Reglugerð um mat og eftirlit í framhaldsskólum

<http://stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=e145bb8a-5aed-4f67-9355-eeae14217fd5>

Sjálfsmat MA

<http://www.ma.is/is/skolinn/sjalfsmat-ma>

Skólasýn MA

<http://www.ma.is/is/skolinn/skolasyn-ma>

## Orðabanki

Orðabanki sem sækja má í við gerð áfangalýsinga – getur létt manni störfina ☺

Þekking:

- afmarka, afrita, athuga, endurgera, endurtaka, finna, forgangsraða, greina frá, kannast við, lista, lýsa, merkja, muna, nefna, raða, safna, setja fram, setja upp, segja frá, skilgreina, skrá, sýna, sýna fram á, telja upp, tengja, útskýra, vitna, þekkja.

Leikni:

- aðlaga, áætla, beita, breyta, búa til, finna, flytja, framleiða, keyra, leika, leysa, ljúka við, meta, nota, rannsaka, reikna, sýna fram á, skoða, skipuleggja, spá fyrir um, stjórna, sýna, teikna, tengja við, túlka, undirbúa, uppgötva, velja, vinna, þróa, þýða, æfa.

Hæfni:

- aðgreina, alhæfa, ákveða, áætla, bera saman, búa til, byggja, dæma, endurskrifa, hanna, leysa, meta, móta, mynda, rökstyðja, samtvinna, samþætta, sannfæra, semja, setja saman, setja upp, skapa, skipa niður, skipuleggja, spá, stjórna, stofna, taka saman, túlka, undirbúa, uppgötva, verja, þróa.

(Orðabanki tekinn saman af Þorláki Karlssyni kennara við HR)

## Áfangakannanir haustið 2011

### Ný námskrá

Mat er órjúfanlegur þáttur í starfi skóla og námi. Mat á skólatafni er tvíþætt: Annars vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur og er nefnt ytra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir og kallast innra mat. Innra mat veitir upplýsingar um styrkleika í starfi skólans og það sem betur má fara. Með hliðsjón af niðurstöðum innra mats eru umbætur skilgreindar og skipulagðar.

Hver framhaldsskóli skal með kerfisbundnum hætti meta árangur og gæði skólastarfsins. Virkt innra mat skal samofið daglegu starfi og ná til allra þátta skólastarfsins s.s. stjórnunar, kennslu, námsviðmiða, námsmats og samskipta innan og utan kennslustofunnar. Ætlast er til að lykilhæfni og grunnþættir fléttist saman og myndi burðarstoð í öllu starfi framhaldsskóla, starfsumhverfi, skólabrag, námi og kennslu allra námsáfanga. Þegar skólastarf er metið þarf að skoða hvernig grunnþættirnir og lykilhæfni setja mark sitt á nám og kennslu. Matið skal vera umbótamiðað og stuða að aukinni vitund um mikilvægi gæða í öllu starfi.

Markmið skólastarfs eru margvíslega og því verða matsaðferðir að vera fjölbreyttar, í samræmi við hæfniviðmið, endurspeglu áherslur í kennslu og taka mið af nemendum. Hæfni felur í sér viðhorf og siðferðisstyrk, tilfinningar og sköpunarmátt, félagsfærni og frumkvæði. Í vinnu við innra mat skal gerð grein fyrir tengslum við þau markmið sem sett eru fram í skólanámskrá og lögð áhersla á virka þátttöku starfsfólks, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi. Í öllu skólastarfi þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum (Lög um framhaldsskóla, nr. 92/2008; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011).

Í MA eru lagðar fyrir nemendur áfangakannanir tvisvar á skólaári og eru þær liður í innra mati skólans. Markmið þeirra er að laða fram sjónarhorn nemenda á einstaka áfanga og fá með þeim hætti upplýsingar um styrkleika í skipulagi og framkvæmd áfanga, hvernig miðar að ná markmiðum og hvað má betur fara.

Áfangakannanirnar stuðla að gagnrýninni hugsun, þær eru farvegur fyrir rödd nemenda, hvetja nemendur til að móta sér skoðanir á skólastarfinu og eru liður í lýðræðislegu mati. Þátttaka nemenda í innra mati eflir vitund þeirra um mikilvægi gæða í skólastarfinu og opnar þeim leið til að taka virkan þátt í að viðhalda námssamfélaginu, breyta því og þróa það á sjálfbæran og skapandi hátt.

Nemendur taka afstöðu til fullyrðinganna hér að neðan með því að merkja við: Mjög sammála, freka sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála og mjög ósammála. Í töflunni er áfangakönnunin tengd við lög og reglugerðir um framhaldsskóla, markmið aðalnámskrár framhaldsskóla, skólasýn MA og siðareglur kennara en þeim er ætlað að styrkja fag- og siðferðisvitund kennara og hvetja þá til að vanda sig í starfi (Kennarasamband Íslands, 2011).

Spurning	Lög og reglugerðir um framhaldsskóla	Aðalnámskrá, grunnþættir, lykilhæfni og hæfniviðmið	Skólasýn MA	Siðareglur kennara styrkja fag- og siðferðisvitund og hvetja kennara til að vanda sig í starfi.
Ég tek virkan þátt í tímum í áfanganum	Virk þátttaka í lýðræðisþjóðfélagi	Lýðræðislegt gildismat. Hæfni gerir kröfur um sköpunarmátt, ábyrgð og virkni.	Nemendur tileinka sér öguð og sjálfstæð vinnubrögð.	
Ég sinni heimanámi vel í áfanganum		Hæfni gerir kröfur um sjálfstæði, ábyrgð og virkni. Nemandi getur lagt mat á eigið vinnuframlag og skipulagt vinnutíma sinn.	Nemendur tileinka sér öguð og sjálfstæð vinnubrögð.	
Líðan mín í áfanganum er góð		Allt skólastarf þarf að stuðla markvisst að velferð og vellíðan.	Skólinn hefur að leiðarljósi vellíðan og heilbrigði nemenda og trú þeirra á eigin getu.	Kennari sýnir nemendum virðingu, áhuga og umhyggju. Hefur jafnrétti að leiðarljósi, vinnur gegn fordómum, einelti og öðru ranglæti sem nemendur kunna að verða fyrir. Hann gætir trúnaðar við nemendur.
Skipulag áfangans er gott		Kennarar skulu leitast við að skapa góðan skólabrag, réttlátar vinnureglur og hvetjandi námsumhverfi.	.	Skapar góðan starfsanda og hvetjandi námsumhverfi. Viðheldur starfshæfni sinni og eykur hana.
Kennsluhættir áfangans eru fjölbreyttir		Fjölbreytni í kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist	Kennsluhættir er fjölbreyttir og aðferðir við	Menntar nemendur og viðheldur starfhæfni sinni

		margvíslega hæfni.	námsmat einnig.	og eflir hana.
Ég tel að kennarinn undirbúi kennsluna vel í áfanganum		Kennarar skulu leitast við að skapa góðan skólabrag, réttlátar vinnureglur og hvetjandi námsumhverfi.		Skapar góðan starfsanda og hvetjandi námsumhverfi.
Ég er sátt(ur) við framkomu kennarans				Kemur vel fram við nemendur og virðir rétt þeirra.
Kennsla hefst yfirleitt stundvíslega í áfanganum				Kemur vel fram við nemendur og virðir rétt þeirra.
Kennslustundir eru vel skipulagðar í áfanganum		Kennarar skulu leitast við að skapa góðan skólabrag, réttlátar vinnureglur og hvetjandi námsumhverfi.		Skapar góðan starfsanda og hvetjandi námsumhverfi.
Kennarinn hvetur mig áfram í áfanganum		Á kennurum hvílir ekki aðeins sú skylda að miðla þekkingu til nemenda heldur einnig að veita þeim tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva starfsgleði þeirra og efla frjóa hugsun.		Sýnir nemendum virðingu, áhuga og umhyggju.
Kennari vekur áhuga minn á námsefninu		Mikilvægt er að styðja við námshvöt nemenda, rækta námsgleiði og vinnuanda og stuðla þannig að menntun nemenda.		Skapar hvetjandi námsumhverfi.
Kennari útskýrir námsefnið vel				Sýnir nemendum virðingu, áhuga og umhyggju. Skapar góðan starfsanda og hvetjandi

				námsumhverfi.
Kennarinn hefur góða verkstjórn				Sýnir nemendum virðingu, áhuga og umhyggju. Skapar góðan starfsanda og hvetjandi námsumhverfi.
Mér finnst auðvelt að biðja um aðstoð hjá kennaranum				Sýnir nemendum virðingu, áhuga og umhyggju. Skapar góðan starfsanda og hvetjandi námsumhverfi.
Mér finnst efni áfangans áhugavert		Mikilvægt er að í öllu námi, viðfangsefnum skólastarfsins og aðferðum sé tekið tillit til áhuga nemenda og ábyrgðar þeirra á eigin námi.		
Námsmatið í áfanganum er fjölbreytt	Námsmat byggist á markmiðum skólastarfs sem kveðið er á um í aðalnámskrá og skólanámskrá.	Námsmat skal byggja á margvíslegum námsmatsaðferðum og fela í sér trausta heimildir um hæfni nemandans. Námsmatsaðferðirnar geta verið verklegar, munnlegar eða skriflegar, falið í sér sjálfsmat, jafningjamat, símat og lokamat.	Aðferðir við námsmat eru fjölbreyttar	
Námsmatið hvetur mig til að vinna jafnt og þétt yfir önnina		Æskilegt er að í námsmati felist leiðsagnarmat, það er leiðbeining til nemanda hvernig hann geti með árangursríkustum hætti hagað námi sínu í framhaldinu .		
Nemendur eru hvattir til að taka þátt í		Menntun til aðgerða felst m.a. í þjálfun	Læsi í víðum skilningi og	



umræðum eða spyrja spurninga		Lýðræðislegra vinnubragða og fá tækifæri til að takast á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni.	samfélagsleg ábyrgð.	
Mér finnst álag í áfanganum of lítið		Nemandi getur lagt mat eigið vinnuframlag.		
Samskipti nemenda í áfanganum eru góð		Mikilvægt að samskipti jafnt í kennslustundum sem í öllum samskiptum einkennist af virðingu fyrir manngildi, umhyggju og jafnrétti. Heilbrigðisþættir sem leggja þarf áherslu á eru t.d. andleg vellíðan, góð samskipti og skilningur á eigin tilfinningum og annarra.	Nemendur bera virðingu fyrir sjálfum sér og samstarfsfólki.	
Vinnufriður í bekknum er góður í þessum áfanga		Heilbrigðisþættir sem leggja þarf áherslu á eru t.d. andleg vellíðan, góð samskipti og skilningur á eigin tilfinningum og annarra.	Nemendur tileinka sér öguð og sjálfstæð vinnubrögð.	
Gerðar eru meiri kröfur í náminu núna en á síðasta ári		Nemandi getur lagt mat á eigið vinnuframlag.	Lögð áhersla á gott nám, vísindalega hugsun og aðferðir.	
Undirbúningur fyrra árs nýtist mér vel		Að nemandi geti nýtt reynslu, þekkingu og skilning við úrlausn nýrra viðfangsefna.		
Upplýsingatækni nýtist vel í áfanganum		Læsi á upplýsingar tekur m.a. til upplýsingatækni þar sem mikilvægt er að allir geti aflað gagna, flokkað, unnið, úr og notað og miðlað upplýsingum á gagnrýninn og skapandi	Skólinn leggur rækt við læsi í víðum skilningi.	

		hátt.		
Viltu nefna eitthvað jákvætt um áfangann eða eitthvað sem vel er gert?		Í öllu skólastarfi bæði í og utan kennslustunda þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir og æfist í að tjá skoðanir sínar og verklag á ábyrgan, gagnrýninn og skýran hátt.		
Viltu nefna eitthvað sem betur má fara í áfanganum?		Í öllu skólastarfi bæði í og utan kennslustunda þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir og æfist í að tjá skoðanir sínar og verklag á ábyrgan, gagnrýninn og skýran hátt.		

## Sarpur

Samkvæmt aðalnámskrá skulu náms- og kennsluhættir í framhaldsskólum:

- stuðla að alhliða þroska nemenda,
- einkennast af virðingu fyrir einstaklingnum og þörfum hans,
- stuðla að virkni og sjálfstæði nemenda,
- efla færni nemenda til öflunar þekkingar og sjálfstæð vinnubrögð,
- einkennast af fjölbreyttum kennsluháttum og vinnubrögðum,
- gefa nemendum kost á að nýta hæfileika sína,
- fela í sér endurgjöf á vinnu nemenda og leiðsögn,
- fela í sér fjölbreytt námsmat,
- einkennast af jafngildi einstaklinga (má ekki mismuna nemendur eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu),
- hvetja til samþættingar þekkingar og leikni,
- stuðla að þjálfun félagshæfni sem byggir á siðgæði og virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti,

hvetja nemendur til að tjá skoðanir sínar og skýra verklag á ábyrgan, gagnrýninn og skýran hátt (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011).

Til umhugsunar

Það má kannski spyrja um

- í tengslum við fjölbreytta kennsluhætti má spyrja um fjölbreytni námsaðferða en eitt af markmiðum aðalnámskrár er að nemandi geti notað fjölbreyttar námsaðferðir og gögn.
- Frekar um námsmat en í aðalnámskrá segir æskilegt að í námsmati felist jafnframt leiðsagnarmat, það er leiðbeining til nemenda um hvernig hann geti með árangurríkustum hætti hagað námi sínu í framhaldinu. Mikilvægt er að skólar setji sér stefnu varðandi fjölbreytt námsmat og leiðsögn nemenda. Námsmat þarf að vera réttmætt og áreiðanlegt.
- áherslu á jafnrétti í námsáfangi þar sem jafnréttismenntun vísar í senn til inntaks kennslu, námsaðferða og námsumhverfis (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011).

Ættu nemendur að eiga fulltrúa í innra mati (taka þátt í sjálfsmatsnefnd þegar við á)?


Heimildir

Kennarasamband Íslands. (2011). Nýjar siðareglur. Retrieved 30. nóvember, 2011, from <http://www.ki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=13873>


Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá framhaldsskóla: almennur hluti*. Reykjavík: Höfundur.

Innra mat hugarkort


Nám og kennsla



Stjórnun



Innra mat



**Matsáætlun (aðgerðaráætlun/stefnukort) til 3-5 ára**

		Annir									
Matssvið	Matsþættir	H01	V01	H02	V02	H03	V03	H04	V04	H05	V05
Nám	A	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
	B										
	C										
Kennsla	A	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
	B										
	C										
Stjórnun	A										
	B										
	C										
Innra mat	A Matsáætlun innra mats endurskoðuð		x				x				x
	B										
	C										
Annað	A										
	B										
	C										

Á bak við hvert hak eru upplýsingar um verkferli innra matsins við tiltekin matsþátt.

Matsþátturinn/viðfangsefni matsins, matsspurningar, framkvæmdaráætlunin (skipulag, verkaskipting), gagnasöfnun og úrvinnsla, skilafundur og kynning, áætlun um umbætur og mat á umbótum (næstu skref – næsta verkferli).

Fyrir hvern matsþátt skilgreina matsspurningar, setja markmið/viðmið, fá niðurstöðu og vinna að úrbótum.

Dæmi um matsþætti:

Skólasýn.

Skólanámskrá – stefna, markmið, námsmat og inntak náms.

Starfsáætlun – skipulag, stoðþjónusta, skólareglur og verkferlar.

Náms- og kennsluhættir.

Námsbrautir

Námsmat (Nám og námsárangur).

Nemendur – líðan, þarfir, starfsandi og samstarf.

Kennsla- kennsluhættir, starfsþróun og fagmennska.

Starfsfólk – líðan, þarfir, starfsandi, samstarf.

Stjórnun.

Viðmót og menning skóla.

Aðbúnaður.

Samstarf heimila og skóla.

Ytri tengsl – önnur skólastig og nærsamfélagið.

Umótaðgerðir/þróunarstarf.

Ráðstöfun auðlinda – fjármagn, tími, mannauður og búnaður.

Innra mat.

Huga þarf að því hvernig grunnþættir og lykilhæfni birtast í markmiðum skólastarfsins.

### **Grunnþættir menntunar:**

læsi, sjálfbærni, heilbrigði og vellíðan, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun

### **Lykilhæfni tekur til níu sviða:**

námshæfni, heilbrigði, skapandi hugsun og hagnýting þekkingar, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi, menntun til sjálfbærni, **læsi**, tjáning og samskipti á íslensku, **læsi**, tjáning og samskipti á erlendum tungumálum, **læsi**, tjáning og samskipti um tölu og upplýsingar.